
Fundargerð 2019

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands haldinn þann
17. maí 2019 kl. 16:00 í útibúi Landsbankans Austurstræti 11.

Gögn sem lágu fyrir fundinum og höfðu jafnframt verið kynnt á heimasíðu sjóðsins:

- Ársreikningur ársins 2018
- Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Sigurgísli Ingimarsson, formaður stjórnar sjóðsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Börk Thoroddsen, tannlækni, í starf fundarstjóra. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tilnefningu og var hún samþykkt með lófataki.

Börkur Thoroddsen tók til máls og þakkaði fundarmönnum traustið og tilnefndi Ástu Margréti Þórhallsdóttur starfsmann Landsbankans, í starf fundarritara.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar - Sigurgísli Ingimarsson
2. Kynning ársreiknings- 2019 - Ólafur Páll Gunnarsson
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt 2018 - Bjarni Guðmundsson
4. Fjárfestingarstefna 2019 – Ólafur Páll Gunnarsson
5. Kosning stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Kjör endurskoðanda
9. Önnur mál, löglega fram borin

Á fundinn voru mættir 5 sjóðfélagar sem fara samtals með 3,05% af atkvæðarétti.

1. Skýrsla stjórnar - Sigurgísl Ingimarsson

Fundarstjóri, sjóðfélagar og aðrir fundargestir,

Rekstrarár Lífeyrissjóðs tannlækna sem nú lýkur einkenndist af mikilli ládeyðu á mörkuðum enda var ávöxtun sjóðsins fremur rýr þar sem nafnávöxtun séreignadeildar var 4.13% og sameignardeildar 4.51% sem þýddi að hrein raunávöxtun deildanna var 0.94% miðað við vísitölu neysluverðs. Hins vegar ber á það að líta að langtímarauðvöxtun sjóðsins er afar góð og er meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára er 4,4% og síðustu 10 ára 5% sem er hæsta langtíma ávöxtun sambærilegra lífeyrissjóða.

Eins og ég hef áður sagt þá eru ávöxtunarmöguleikar lífeyrissjóðanna afar háðir efnahagsástandsins almennt í nærumhverfinu. Íslenski hlutabréfamarkaðurinn hefur verið afar dapur síðastliðin 3 ár og lækkaði úrvalsvísitalan um 1,3% á árinu, en hann virðist nú loks vera að ná sér á strik á ný. Það hlýtur að teljast áhyggjuefni hversu einsleitt eignarhaldið er í Kauphöllinni þar sem lífeyrissjóðirnir fara með 50% eignarhald. Það er því vert að gefa gaum að þeim tillögum er fram komu í hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið þar sem hvatt er til að auka frjálshæð við ávöxtun lífeyrissparnaðar og að innleiða skattalega hvata þannig að hinn almenni fjárfestir verði virkari á markaði.

Í ljósi þessa hefur stjórn Lífeyrissjóðs tannlækna markvisst aukið erlenda eignastöðu sjóðsins. Á árinu var fjármagnshöftum lyft að fullu og er nú erlend eign sjóðsins í hluta- og skuldabréfum 25% og stefnt er að því að erlendar eignir verði orðnar 40% af eignasafni sjóðsins í árslok 2019. Þannig aukast ávöxtunarmöguleikar verulega á sama tíma og dreift eignasafn landfræðilega, dregur úr áhættu. Eignasafn beggja deilda sjóðsins stendur eftir sem áður mjög traustum fótum og samanstandur að stærstum hluta af skuldabréfum með ábyrgð ríkisins, innlánnum og dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa.

Eftir sterkan hagvöxt árið 2018 er útlit fyrir að eitt lengsta og öflugasta hagvaxtartímabil Íslands sögunnar líði undir lok á þessu ári og gert er ráð fyrir að landsframleiðslan dragist töluvert saman í ár fyrst og fremst vegna útflutningssamdráttar og meiri óvissu um horfur í ferðaþjónustu og gera spár hagstofunnar ráð fyrir 1.9% hagvexti á þessu ári og 2,5 – 2,7% hagvexti á árunum 2020 til 2023 sem er nokkru lægri hagvöxtur en undanfarin ár. Þannig fer íslenska hagkerfið að nálgast hagvaxtartölur nágrannalandanna.

Verðbólgan á árinu var frekar há og endaði í 3,7% sem að lokum ásamt döpru gengi markaða bæði

hér heima og erlendis dró mjög úr ávöxtun lífeyrissjóðanna. Staða þjóðarbúsins hélst áfram afar sterk og var hrein erlend staða þjóðarbúsins jákvæð um nærri 400 milljarða í árslok sem nemur nærri 14% af landsframleiðslu og erum við þar með kominn í hóp með ríkjum á borð við Sviss, Þýskaland, Holland, Lúxemborg, Svíþjóð og Noreg sem verður að teljast afar góður árangur aðeins 10 árum eftir alþjóðlega efnahagshrunið. Ríkisskuldir hafa verið að lækka afar hratt og nálgast hreinar skuldir ríkissjóðs nú 20% af vergri landsframleiðslu. Þetta hefur haft veruleg áhrif á lánakjör ríkissjóðs og íslenzkra fyrirtækja á erlendum mörkuðum.

Á sama tíma býr Seðlabankinn yfir veglegum óskuldsettum gjaldeyrisvarasjóði. Þessi sterka staða þjóðarbúsins hefur stutt við gengi krónunnar þannig að vart verður séð að krónan muni gefa eftir þrátt fyrir kólnun hagkerfisins. Þannig virðist ákall um upptöku erlendarar myntar hér á landi hafa minnkað. Enda virðist órói innan Evrusamstarfsins, og Brexit umræðan ekki beint vera til þess fallinn að laða þann gjaldmiðil hingað til lands.

Í því sambandi eru sérlega áhugaverð ummæli fyrrum bankastjóra Englandsbanka Mervyns King er hann sagði að án sameiginlegra ríkisfjármála væri ábyrgðarlaust að setja myntbandalag á laggirnar. Í lok ársins hrönnuðust upp óveðurskýr er kom að væntanlegum kjaraviðræðum samtaka atvinnulífsins og viðsemjenda þeirra á almennum markaði. Óhóflegar nafnlaunakröfur virtust ætla að stefna hagkerfinu í algeran voða og kollvarpa þeim góða árangri sem náðst hefur í íslenzku hagkerfi undanfarin ár. Sátt náðist þó að lokum um hóflegar launahækkningar með svokölluðum lífskjarasamningum. Hér var samið til langs tíma eða 4 ára sem mun enn frekar styðja við hagkerfið. Þessi skynsamlega sátt mun auk þess að öllum líkindum leiða til lækkunar vaxta. Hér því kominn möguleiki á frekari fjárfestingum í innviðum hins opinbera og einnig verður hvati til fjárfestinga í einkageiranum og mun þetta þannig styðja við og auka landsframleiðsluna öllum til hagsbóta. Auk þess er líklegt að þessi stöðugleiki sem nú hefur skapast ásamt með algerri losun fjármagnshaftanna muni leiða til enn frekari erlendarar fjárfestingar á Íslandi.

Eins og oft áður þá vil ég vekja athygli á því að aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar er að breytast. Hlutfall Íslendinga sem eru 67 ára eða eldri hefur nær tvöfaldast á síðustu 60 árum og mun lífeyrisþegum fjölga jafnt og þétt á komandi áratugum og frá árinu 2047 verða þeir sem eldri eru en 65 ára í fyrsta sinni fleiri en þeir sem eru yngri en tvítugir.

Á sama tíma fækkar vinnandi höndum hlutfallslega vegna m.a. minnkandi fæðingartíðni. Ungu fólkið skilar sér æ seinna út á vinnumarkaðinn vegna lengri námstíma. Þótt þjóðin sé að eldast og fólksfjölgun fremur hæg, þá eru Íslendingar nú, og verða um sinn mun yngri en flestar Evrópuþjóðir. Árið 2060 er því spáð að þriðjungur Evrópubúa verð eldri en 65 ára en einungis fjórðungur Íslendinga. Þetta mun þýða aukið umfang samfara verulegum útgjaldarauka fyrir íslenska heilbrigðiskerfið, enda kostnaður við heilbrigðisþjónustu þeirra sem eldri eru mun hærri en hjá yngri einstaklingum.

Á sama tíma og þessi þróun á sér stað er það áhyggjuefni að örorkuþegum er að fjölga. Nýgengi öryrkja á Íslandi er 1200 til 1800 á ári og nú er svo komið að nýgengi örorku er er meiri en náttúruleg fjölgun á vinnumarkaði. Það er einnig staðreynd að 30% öryrkja á Íslandi eru með 75% örorkumat eða meira, er fólk innan fertugs. Hlutfallsleg fjölgun öryrkja er mest meðal ungra karla á aldrinum 20 til 30 ára. Einnig hefur orðið á þessu tímabili talsverð breyting á orsök örorku. Þannig hefur þeim fjölgað sem þiggja örorku vegna geðraskana meðan þeim sem þiggja örorku vegna stoðkerfissjúkdóma hefur hlutfallslega fækkað. Hér skera Íslendingar sig algerlega úr þegar við berum okkur saman við aðrar þjóðir norrænu ríkjanna. Í Danmörku t.d. fær fólk undir fertugu ekki úrskurð um örorkulífeyri nema í algerum undantekningartilvikum. Það er því afar brýnt að þessari óheillaþróun verði snúið við ef ekki á illa að fara. Hér þurfa því félagslega kerfið, heilbrigðiskerfið og menntakerfið að snúa bökum saman til að unnt sé að hverfa af þessari óheillaþraut.

Ég minntist hér fyrr á ágæti samkomulags atvinnurekenda og launþegahreyfingarinnar. Í yfirlýsingu stjórnvalda um stuðning við lífshjálpsáttakinn kemur fram að sett verði í forgang að hækka lög bundið iðgjald í lífeyrissjóð úr 12% í 15,5% sem er allra góðra gjalda vert. Hitt hefur þó ekki farið hátt sem er mér alger þyrnir í augum að 12% af þessu iðgjaldi skuli renna í samtryggingasjóð og aðeins 3,5% í séreignarsjóð. Hér yrði um mikla afturför að ræða og þar með valfrelsi launþegans verulega rýrt.

Ég mun seint þreystast á að benda á hina mörgu kosti sem séreignasjóðir hafa fram yfir samtryggingasjóði. Má þar t.d. nefna erfanleika, aukna valkosti við uppbyggingu lífeyrissparnaðar, sú staðreynd að greiðslur úr séreign skerða ekki lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun og svo mætti lengi áfram telja. Það er athyglisvert að ekkert samráð var haft við forystumenn frjálsu lífeyrissjóðanna

eða Landsamtök lífeyrissjóða þegar svo viðamikil ákvörðun var tekin um forgangsröð breytinga á réttindauppbyggingu lífeyrissjóðanna. Þetta er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að aðrar þjóðir horfa gjarnan með öfundaraugum til Íslands þegar fjallað er um fyrirkomulag á uppbyggingu lífeyrissparnaðarkerfa. Þessi gjörningur getur varla talist neinn happafengur fyrir íslenska lífeyriskerfið á því ári sem það fagnar 50 ára afmælis stofnunar almenna lífeyriskerfisins.

Hins vegar er fremur annað brýnna mál sem þessir aðilar hafðu átt að reyna ná samkomulagi en það er að draga úr þeim skerðingum sem lífeyrisþegar samtryggingasjóða verða fyrir af hálfu hins opinbera er þeir hefja töku lífeyris. Nema það hafi einfaldlega verið ætlunin að þurrka algerlega út opinberar lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun. Að þessu sögðu þá höfum við í stjórn LTFÍ fylgt afar varfærinni stefnu í fjárfestingum okkur á s.l. ári.

Í lok ársins lagði stjórn og rekstraraðili Lífeyrissjóðs tannlækna ítarlega vinnu í mótun fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2019. Þar var eins og áður sagði lögð áhersla á að auka verulega vægi erlendra fjárfestinga. Dregið var úr vægi innlendra hlutabréfa á sama tíma. Viðhaldið verður vægi ríkisskuldabréfa og skuldabréfa traustra fyrirtækja. Áfram verður boðið upp á lán til sjóðfélaga.

Lífeyrissjóður tannlækna er að stærstum hluta séreignasjóður og geta sjóðfélagar valið fjórar leiðir við öflun lífeyrisréttinda og lágmarkstryggingaverndar. Leiðirnar eru mismunandi blanda af greiðslu í samtryggingardeild og séreignardeild. Langstærstur hluti eigna hans eru í séreignardeild eða 76,9% sem þýðir að flestir sjóðfélagar hafa kosið að greiða iðgjald sítt í leið IV þar sem mesta framlagið er í séreign ýmist bundinni eða frjálsri. Þegar uppsöfnuð séreign sjóðfélaga er skoðuð eftir aldri má sjá að 40% eigna sjóðsins er í eigu sjóðfélaga undir 60 ára aldri og 60% í eigu sjóðfélaga er náð hafa 60 ára aldri.

Með breytingum á lögum um lífeyrissjóði árið 2008 var sjóðfélögum er náð hafa 60 ára aldri heimilt að taka út alla frjálsu séreignina sína. Þó ólíklegt sé að sjóðfélagar nýti sér þessa heimild í stórum stíl þá þarf sjóðurinn að vera undir slíkt búinn. Þannig tekur fjárfestingarstefna og eignasamsetning tillit til þessa og er því stærstur hluti sjóðsins seljanlegur á skömmum tíma. Þannig voru í lok árs 2018 um 86% eigna séreignadeildar seljanlegar innan viku á ásættanlegu verðbili. Sjóðurinn verður því teljast vel í stakk búinn til að bregðast við óvæntu útflæði án

Þess að rýra eignir þeirra sjóðfélaga er eftir verða í sjóðnum.

Einnig er sjóðnum afar mikilvægt að nýgengi inn í sjóðinn sé jafnt og þétt. Þannig heldur stjórn sjóðsins ár hvert ítarlega kynningu á sjóðnum fyrir unga tannlækna og tannlæknanema. Það hefur skilað verulega góðum árangri og má segja að það heyri til algerrar undantekningar ef nýútskrifaðir tannlæknar ganga ekki í sjóðinn. Í þessu sambandi er ánægjulegt að geta þess að á síðasta ári skráðu 12 nýir tannlæknar sig í sjóðinn og þar af kaus um helmingur að ávaxta viðbótarlífeyrissparnað sinn hjá LTFÍ. Lífeyrissjóður tannlækna er vissulega lítill en mjór er mikils vísir. Lífeyrissjóður tannlækna stendur vel undir framtíðarskuldbindingum sínum og er tryggingafræðileg staða hans góð þó hún hafi aðeins versnað milli ára og mun Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur skýra þau mál nánar. Það er vert að rifja það enn á ný upp í þessu sambandi að Lífeyrissjóður tannlækna hefur aldrei þurft að grípa til þess að rýra útgreiðslur til sjóðfélaga. Það felast einnig margvíslegir kostir í smæð sjóðsins og má þar helzt nefna að slíkur sjóður er mun betur í stakk búinn að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Þannig hreyfist gengi á markaði lítt við hreyfingar okkar í fjárfestingum sem gefur okkur að mörgu leyti ákveðið forskot.

Ég vil enn og aftur vekja athygli á nánd þeirri sem hinn almenni sjóðfélagi í okkar góða sjóði hefur við stjórnarmenn sem eru jú starfsbræður hans. Vert er einnig að nefna hið fullkomna sjóðfélagalyðræði sem ríkir innan LTFÍ. LTFÍ býður upp á enn meiri séreignarsöfnun en flestir aðrir lífeyrissjóðir, sem vel að merkja er að fullu erfanleg og einnig er vert að nefna örorkubyrði sjóðsins er sú allra lægsta meðal lífeyrissjóða innan almenna lífeyriskerfisins.

Ég minntist hér fyrir á einsleitni eigendahóps á íslenskum hlutabréfamarkaði þar sem stofnana-fjárfestar eiga um 50% hlut. Þannig sitja að stórum hluta í stjórnnum fyrirtækja fulltrúar stofnanafjárfesta án beinnar eignaraðildar. Það getur aldrei talist gott til lengri tíma að stjórnarmenn eigi ekkert annað undir en launatékkann frá félaginu og kemur því upp í hugann „fé án hirðis“.

En hví er ég að nefna þetta? Jú það er nefnilega svo að eigendur fjárfesta á eigin verðleika og finna fyrir hverri krónu sem fer til spillis í rekstri. Þar ræður sem sagt ferðinni hugsun „hinnar hagsýnu húsmóður“. Lífeyrissjóður tannlækna er er lýsandi dæmi um sjóð þar sem einvörðungu „eigendur“ sitja í stjórn og

það get ég fullyrt að fjárfestingar og aðhald í rekstri markast af því.

Í kjölfar efnahagshrunsins gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við það að hvorki lögfræðingur né viðskiptafræðingur sæti í stjórn LTFÍ og óskaði eftir að úr þessu yrði bætt. Þeirri beiðni var alfarið hafnað og sýna ávöxtunartölur LTFÍ að vel má stýra Lífeyrissjóði án slíkrar utanaðkomandi aðstoðar. Það má því vera öllum ljóst að þeir tannlæknar sem hafa kosið að ganga í Lífeyrissjóð Tannlækna hafa valið rétt.

Rekstri sjóðsins er sem fyrr útvistað til Landsbankans og stjórn sjóðsins fundaði reglulega árinu samkvæmt fundaráætlun með framkvæmdastjóra og fjárfestingastjóra sjóðsins. Á milli reglubundinna funda átti formaður stjórnar fundi með framkvæmdastjóra sjóðsins um mál sem upp komu milli reglubundinna funda stjórnar LTFÍ.

Endurskoðunarnefnd LTFÍ starfaði á síðasta ári samkvæmt skipunarbréfi. Nefndarmenn hennar, skipaðir af stjórn LTFÍ voru Gísli Vilhjálmsson og Þórólfur Ólafsson tannlæknar og Jóni Gunnsteinn Hjálmarsson löggiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila svo og virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Enn fremur eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðanda svo og að koma með tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda til næsta árs.

Eitt er það er ég sé mig knúinn til að nefna varðandi fundarstörf Lífeyrissjóðs tannlækna, en það er hversu miklum tíma við þurfum að eyða í samskipti við opinbera eftirlitsaðila. Það er varla haldinn sá stjórnarfundur að við þurfum ekki að bregðast við einhverju erindi frá Fjármálaeftirlitinu. Það kom mér því ekki á óvart er það var tilkynnt að íslenska hagkerfið býr við mestar reglubýrðar allra ríkja innan OECD en hvorki meira né minna en 16 opinberar stofnanir sinna hér mismunandi eftirliti með fyrirtækjum. Í nýlegri könnun meðal stjórnenda íslenskra fyrirtækja kom fram eindregin óánægja við óendanlega vinnu við að svara erindum hinna ýmsu eftirlitsstofnana. Það kom mér ekki á óvart að mest var óánægjan með samskiptin við Fjármálaeftirlitið. Ég tel því einsýnt að draga þurfi úr þessu eftirlitsfargani. Þótt starfsemi opinberra eftirlitsaðila sé allra góðra gjalda verð, þá er það nú einu sinni svo að verðmætasköpun á sér stað í fyrirtækjum en ekki í eftirlitsstofnunum.

Eins og áður sagði þá er það staðreynd sem ekki verður fram hjá litið að þjóðin er að eldast hratt

Þannig að öllum má ljóst vera að sífellt verður erfiðara að halda uppi lífeyriskerfi sem byggist á gegnumstreymi. Nærtækt dæmi eru ófjármagnaðar lífeyriskuldbindingar ríkissjóðs sem nema 630 milljörðum með vaxtakostnaði upp á 15 milljarða á ári samkvæmt fjárlögum. Þetta verður að teljast áhyggjuefni og brýnt að hið opinbera bæti úr. Nú ætti að vera lag þegar skuldir hins opinbera hafa nánast að þurrkast út og treysti ég því að okkar ágæti fjármálaráðherra taki hér til höndum.

Að þessu sögðu þá vil ég segja að heilt yfir er íslenska lífeyriskerfið gott og afar stöndugt. Það var mikið gæfuspor að koma á fót lífeyriskerfi þar sem hver og ein kynslóð safnar í sjóð til að standa undir lífeyriskuldbindingum sínum, í stað þess að viðhalda gegnumstreymiskerfi eins og viðhengst í flestum ríkjum Evrópu. Nú er svo komið, vegna breyttra aldrurssamsetningar þessara sjóða, að þessi lífeyriskerfi

eru löngu orðin ósjálfbær og veruleg efnahagsleg byrði fyrir komandi kynlóðir þessara ríkja. Íslenzka sjóðsöfnunarkerfið fagnar 50 ára afmæli á þessu ári og mun að mínu mati tryggja eigendum sínum þ.e. lífeyrisþegunum áhyggjulaust ævikvöld. En til þess að slíkt gangi upp er mikilvægt stjórnvöld gangi í takt með stjórnendum lífeyrissjóðanna varðandi uppbyggingu og breytingar á þessu góða kerfi.

Að lokum vil ég þakka öllum félögum mínum í stjórn fyrir afar ánægjulegt og árangursríkt samstarf á síðasta ári svo og ágætu starfsfólki Landsbankans og vil ég þar sérstaklega nefna Ólaf Pál Gunnarsson framkvæmdastjóra LTFÍ.

Með þá von í brjósti að næsta starfsár LTFÍ verði gjöfult og gæfuríkt, þakka ég fyrir mig.

Lifið heil.

2. Ársreikningur 2018

Fundarstjóri gaf því næst orðið, Ólafi Páli Gunnarsyni og gerði hann grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2018. Ársreikningur var lagður fram á fundinum sem var áritaður af óháðum endurskoðanda 29. apríl síðastliðinn. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra og árit-

aður af endurskoðanda sjóðsins þann 29. apríl 2019. Ólafur fór yfir lykiltölur í ársreikningnum. Ársreikningur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er birtur í einu lagi bæði séreigna og sameignadeild. Ársreikninginn ásamt skýringum má nálgast á heimasíðu sjóðsins.

3. Tryggingafræðileg úttekt 2018

Bjarni Guðmundsson tryggingarstærðfræðingur fékk næst orðið og gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt sjóðsins á árinu 2018. Fram kom að úttektin væri aðgengileg í ársreikningi á heimasíðu sjóðsins og fundarmenn gætu glöggvað sig betur á henni þar. Bjarni gerði einnig grein fyrir reikniforsendum úttektarinnar og aðferðum. Kom jafnframt fram í máli Bjarna að úttektin sneri eingöngu að sameignardeild sjóðsins.

Samkvæmt útreikningum Bjarna voru heildareignir samtryggingadeildar 1,9% lægri en heildarskuldbindingar deildarinnar. Áfallin staða væri jákvæð um 208

m.kr. eða 1,3% af áfallinni skuldbindingu. Þegar tekið hefði verið tillit til framtíðar væru skuldbindingar 832 m.kr. hærri en eignir. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt fyrir árið 2017 var heildaskuldbinding sjóðsins neikvæð sem nemur 0,1%. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða má munur á milli eignarliða og lífeyriskuldbindinga ekki vera meiri en 10%. Sama gildir ef munur á milli eignarliða og lífeyriskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

4. Fjárfestingarstefna 2019

Fundarstjóri gefur Ólafi Páli Gunnarssyni orðið og hann fór yfir fjárfestingarstefnu 2019

Fjárfestingarstefnu ársins 2019 má finna á heimasíðu sjóðsins. Hlutfall 60 ára sjóðsfélaga er 60% rúmlega, stórt hlutfall þarf því að vera í seljanlegum eignum á ásættanlegu verði.

Vægi erlendra hlutabréfa aukið á kostnað innlendra, framtakssjóðum sömuleiðis. Eignasafnið var reifað og lauslega talað um stefnuna, vilmörk og breytingar á eignaflokkum.

Fundarstjóri, sagði orðið laust ef einhver fundarmanna vildi gera athugasemd við fyrstu fjóra liðina á dagskrá fundarins.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir vegna dagskrárlíða nr. 1 til 4. Engar spurningar voru bornar upp. Fundarstjóri bar því næst ársreikning ársins 2018 fram til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

5. Kosning stjórnarmanna

Kjóra þarf um tvo aðalmenn til þriggja ára. Í framboði eru Margrét Helgadóttir og Sæmundur Pálsson. Þau voru kosin með öllum greiddum atkvæðum.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Tillögur til samþykktarbreytinga þurfa að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti fjórum vikum fyrir ársfund. Fundarstjóri gaf Ólafi Páli Gunnarssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, orðið og fór hann yfir þær samþykktarbreytingar sem lagðar voru til. Fundarstjóri þakkaði Ólafi Páli fyrir og sagði orðið

laust ef einhver vildi taka til máls. Enginn óskaði eftir því að tjá sig um samþykktarbreytingarnar sem lagðar voru til. Kosid var með handauppréttingu og voru breytingarnar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

7. Ákvörðun um laun stjórnar

Formaður stjórnar fékk orðið og gerði grein fyrir tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna. Samkvæmt henni skulu stjórnarlaun hækka í samræmu við launavísitölu, eða um 6%. Þau verði 34.000 kr. á mánuði fyrir stjórnarmann og fimmföld sú upphæð

eða 170.000 kr. á mánuði fyrir stjórnarformann og tvöföld upphæð fyrir varaformann eða 68.000 kr. Fundarstjóri bar tillögu undir fundarmenn og var hún samþykkt með öllum atkvæðum.

8. Kjör endurskoðanda

Tillaga stjórnar að endurskoðanda sjóðsins árið 2019 er: Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18. Fundarstjóri bað fundarmenn að gefa merki um af-

stöðu þeirra til tillögunnar. Enginn var á móti og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum með fyrirvara um þóknun. Var það samþykkt.

9. Önnur mál löglega borin fram

Fundi slitið kl. 17:12

Sjóðfélagar á fundi voru 5 og vægi atkvæða 3,05%

